



Umhverfis- og skipulagssvið

***Borgarlína – Steinahlíð að Katrínartúni - deiliskipulag***

Á fundi borgarstjórnar þann 7. desember 2021 var 4. liður fundargerðar borgarráðs frá 18. nóvember; Borgarlína – deiliskipulag, Steinahlíð að Katrínartúni, samþykktur með 12 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna gegn 9 atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Miðflokksins.

Það tilkynnist hér með.

Borgarfulltrúar Sósíalístafllokks Íslands og Flokks fólksins sátu hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Mikilvægt er að stórbæta samgöngur í Reykjavík, ekki síst almenningsamgöngur í borginni. Sú útfærsla sem hér er boðuð mun þregja verulega að almennri umferð og þannig lengja ferðatíma fólks. Rétt væri að skoða aðrar útfærslur á sérrýmum sem þregja ekki að almennri umferð. Hætta er á að þessi útfærsla á Suðurlandsbrautinni muni beina almennri umferð inn í íbúðahverfi og skerða mjög aðgengi að Laugardal og atvinnu- og þjónustusvæðum svo sem í Ármúla og Síðumúla. Þessar róttæku breytingar munu hafa þau áhrif að umferð sem nú fer um Suðurlandsbraut mun flytjast annað og auka umferðarþunga á Miklubraut og Sæbraut auk annarra gatna. Lengja ferðatíma fólks. Þá liggja enn ekki fyrir endanleg drög að 1. áfanga borgarlínu, eingöngu frumdrög og því ekkert sem kallar á þessar þregingar sem hér eru lagðar fram.

Helga Björk Laxdal  
e.u.